



FRÉTTABRÉF

hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fjármálaráðstefna dönsku sveitarfélagasamtakanna



Einkennismynd dönsku fjármálaráðstefnunnar.

Kommunaløkonomisk Forum er árleg ráðstefna um það sem efst er á baugi í fjármálum danskra sveitarfélaga.

Hún er haldin af Sambandi sveitarfélaga í Danmörku (KL). Ráðstefnunni er fyrst og fremst ætlað að ná til þeirra starfsmanna sveitarfélaga og stofnana þeirra sem fást við rekstur og fjármál.

Kommunaløkonomisk Forum var haldin í Álborg dagana 10. og 11. janúar 2013.

Alls sóttu ráðstefnuna um 1.200 einstaklingar og þar af voru tæplega 1.000 sem greiddu þáttökugjald.

Ráðstefnan hófst kl. 10:00 fimmtudaginn 10. janúar og

stóð fram til kl. 17:00. Daginn eftir hófst dagskráin kl. 9:00 og stóð fram til kl. 12:00. Form ráðstefnunnar var tvískipt. Annars vegar voru flutt erindi og umræða tekin í framhaldi af þeim í aðalsalnum og hins vegar var þátttakendum gefinn kostur á að velja milli fimm sérhæfðra umræðuefna sitt hvorn daginn sem fóru fram samtímis. Síðasti dagskrárliðurinn fór fram í stóra salnum og að honum loknum var ráðstefnunni slitið.

Í öllum dagskrárliðum var fyrirkomulagið þannig að flutt voru stutt innlegg (eitt til þrjú) sem tóku ekki meira en fimm til tíu mínútur. Lengd inngangserinda fór nokkuð eftir því hve mörg þau voru. Síðan var umræða á pallborði þar sem frummælendur stóðu við borð með fleiri þátttakendum (þrem til fjórum) og ræddu efni dagskrárliðarins.

Ekki var gefinn kostur á fyrirspurnum úr sal né frjálsum umræðum.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir meginatriðum þeirrar umræðu sem undirritaður fylgdist með á ráðstefnunni.

Samræður formanns KL og fjármálaráðherra

Erik Nielsen, formaður KL, setti ráðstefnuna og talaði í u.þ.b. 10 mínútur. Hann kom inn á það sem efst er á baugi hjá sveitarfélögunum og þær breytingar sem sveitarfélögin hafa þurft að takast á við á seinni árum. Hvati til breytinga

Áhersla lögð á rafræna stjórnsýslu sem lið í að gera íbúana meir sjálfbjarga í samskiptum við sveitarfélögin

hefur bæði komið ofan frá frá ríkisstjórn og þjóðþingi og síðan frá sveitarfélögunum sjálfum.

Hann fjallaði einnig um uppsagnir starfsfólks og niðurskurð á þjónustu sveitarfélögunna. Krafa er að starfsemi sveitarfélöga verði skilvirkari þannig að mögulegt sé að veita álíka

þjónustu og fyrr fyrir minna fjármagn. Hann lagði áherslu á rafræna stjórnsýslu sem lið í að gera íbúana meira sjálfbjarga í samskiptum við sveitarfélögin. Mikil umræða stendur yfir um grunnskólann en skoðun KS og ríkisstjórnarinnar er að nauðsynlegt sé að stærri hluti af vinnutíma kennara fari í samveru með nemendum en nú er raunin. Unnið er að þessu í samvinnu við ríkisstjórnina. Of mikill tími fer nú í pappírsvinnu og stjórnsýslu. „Það verður að koma fólki til verka.“

Bjarne Corydon fjármálaráðherra flutti næst innlegg sem tók um 10 mínútur. Hann fjallaði fyrst um samvinnu og samstarf ríkis og sveitarfélöga og hlutverk sveitarfélögunna í því sambandi. Hann lagði megináherslu á fjármálalegu hlið þessa samstarfs og talaði mjög vinsamlega um sveitarfélögin sem ábyrgan samstarfsaðila. Framtíðarsýn hans er sú að umhverfi sveitarfélögunna verði erfiðara á ýmsan hátt í náninni framtíð. Þrjú meginverkefni séu mikilvægust:

- Nauðsynlegt að nýta tiltæka fjármuni betur.

Sveitarfélögin fá ekki meiri fjármuni.

- Takast verður að óbreyttum verkefnum á við breytingar í velferðarsamfélaginu s.s. vegna fjölgunar aldraðs fólks.
- Sveitarfélögin verða að leggja sitt af mörkum til að stuðla að vexti í samfélaginu og uppbyggingar atvinnulífsins.

Hann kom síðan inn á umræðuna um grunnskólann. Markmið ríkisstjórnarinnar er að auka skilvirkni grunnskólans með skilvirkari vinnubrögðum og rafrænni þróun innan hans.

Mat hans var að það væru of margir sem væru fyrir utan hinn hefðbundna vinnumarkað (u.þ.b. 750.000 einstaklingar). Auka þarf valkosti í þeim efnum, s.s. með samstarfi við sveitarfélögin og með aukinni þátttöku þeirra. Bæta verður skilyrði atvinnulífsins til þróunar og vaxtar.

(Það vakti athygli undirritaðs að fjármálaráðherra kom ekki einu orði inn á árangur ríkisstjórnarinnar í efna- hagsmálum af neinu tagi.)

Að inngangserindum loknum voru um 20 mínútna pallborðsumræður milli fjármálaráðherra og formanns KL sem stýrt var af tveimur fréttamönnum. Lögð var áhersla á að ekki störfuðu fleiri hjá ríki og sveitarfélögum en þörf væri fyrir. Starfsmönnum sveitarfélaga hefur fækkað um 30.000 á fáum árum. Það er um 3,0–3,5% af heildarstarfsmannafjölda þeirra. Með aukinni sjálfstjórn sveitarfélaga innan gefins ramma ætti að vera möguleiki á að fjölga atvinnutækifærum. Lögð var áhersla á af beggja hálfu að það dragi dilk á eftir sér ef sveitarfélögin standi ekki við framlagðar og samþykktar fjárhagsáætlanir. Vanda þurfi vinnu við undirbúning og frágang fjárhagsáætlana svo frávik verði minni.

Evrópa og dönsk sveitarfélög

Per Callesen seðlabankastjóri fór yfir erfiða stöðu efnahagsmála í Evrópu og þau áhrif sem hún hefur á dönsk sveitarfélög. Poul Schouer, starfsmaður sendiráðs Danmerkur í Þýskalandi, fór yfir aðgerðir sveitarfélaga í atvinnumálum.

Danmörk hefur dregist aftur úr nágrennalöndum sínum í efnahagslegu tilliti á undanföllum árum. Árleg aukning VLF (BNP) á hvern íbúa er mun lægri í Danmörku en bæði í Þýskalandi og Svíþjóð. Í Þýskalandi hefur atvinnupáttaka aukist á liðnum árum. T.d. er nú um 50% þeirra sem eru á aldrinum 60–64 ára með atvinnu en þetta hlutfall var einungis um 20% fyrir um 10 árum síðan. Atvinnuleysi hefur lækkað úr 11,5% niður í 6,5% á sama tíma. Staða og hagur atvinnulífsins er meginviðfangsefni þýskra stjórnvalda við laga-setningu. Hvað veldur þessari þróun? Helstu áhrifavaldar eru:

- Evran.
- Aðhaldssemi í kjarasamningum.
- Endurmenntun.
- Aukinn sveigjanleiki.
- Endurskoðun mikilvægra ferla áður en í öfni er komið.



Farið var yfir HARTZ aðgerðina í Þýskalandi sem unnið var að á árinu 2005. Þá voru um 4,5 millj. einstaklinga atvinnulausir. Markmið aðgerðanna var:

- Auka hvata hjá einstaklingnum til að leita sér að atvinnu.
- Aukin áhersla á að fá atvinnulausa til vinnu.
- Auka sveigjanleika atvinnulífsins.

Þessi aðgerð hefur skilað verulegum árangri. Greiðslur til atvinnuleysisbóta eru nú rúmur þriðjungur af því sem áður var. Nokkur atriði sem skipta mál í þessu sambandi eru sem hér segir:

- Tekið er meira tillit til heildartekna fjölskyldunnar. Fólk verður að hjálpast að.

- Atvinnuleysisbætur og fjárhagsaðstoð eru samkeyrðar.
- Atvinnumiðlanir voru endurskipulagðar og nútímavæddar.
- Aukinn sveigjanleiki við skilgreiningar á ákveðnum störfum
- Launaskattur var lækkaður (úr 57% í 47,5%)
- Aldur við töku lífeyris var hækkaður úr 65 árum í 67 ár.
- Tryggingagjald var lækkað 5% í 2,5%

Árangurinn er sem hér segir:

- Aukin atvinnuþátttaka og þá fyrst og fremst hjá konum og eldra fólki.
- Aukinn vinnutími.
- Meiri sveigjanleiki og auknir möguleikar með að fá vinnu við afleysingar.
- Smástörf hafa blómstrað en þar er ákveðinn möguleiki á skattlausum tekjum.

Gagnrýni er til staðar:

- Vinnumarkaðurinn hefur skipt í tvo hluta.
- Vaxandi fjöldi ríkisstyrktra starfa.

- Fyrirtæki hafa breytt venjulegum störfum í hlutastörf.

Grundvallar stef fyrrgreindra breytinga er að áður en leitað er aðstoðar hins opinbera er það skylda fjölskyldunnar að hjálpast að.

Nokkuð var rætt um viðhorf almennings í Danmörku gagnvart atvinnu og kom þar ýmislegt fram. Því var haldið fram að Danir væru ekki viljugir til að vinna eða væru ekki nógu duglegir. Þeir þættust jafnvel of fínir til að vinna. Þetta viðhorf væri umfangsmeira í Danmörku en virtist í fljótu bragði. Viðhorfið þyrfti að vera þannig að það væri verðmæti í sjálfu sér að hafa vinnu.

Það var talið skipta miklu máli að fyrrgreindar breytingar voru gerðar í Þýskalandi þegar eftirspurn var fallandi en álíka breytingar sem gerðar hafa verið í Danmörku voru gerðar þegar eftirspurn eftir vinnuafli var vaxandi. Það hafði ákveðin áhrif á þann árangur sem aðgerðirnar höfðu í för með sér.

Verðlaun fyrir ársskýrslur sveitarfélaganna

Nú voru í fyrsta sinn veitt verðlaun á þessari ráðstefnu fyrir bestu ársskýrslu sveitarfélags. Formaður dómnefndar kynnti þau atriði sem unnið var út frá og stjórnadi umræðum fjögurra fagaðila á pallborði. Auglýst var eftir ársskýrslum sem myndu keppa um verðlaunin. Fjórutíu sveitarfélög sendu inn ársskýrslur sínar. Fimm þeirra voru valdar og metnar sérstaklega af dómnefndinni. Hér á eftir eru dregin út meginefni umræðnanna sem lýstu vel á hvaða atriði er horft þegar gæði þeirra voru metin og ákveðið hver skyldi hljóta verðlaunin að þessu sinni.

Ársskýrsla er mikilvægur hluti af samskiptum hvers sveitarfélags við íbúa sína. Í henni kemur fram samfelld yfirlit um það sem hefur gerst innan sveitarfélagsins í gegnum tíðina, bæði reikningslegt yfirlit og hvernig þjónusta við íbúana hefur þróast svo og hvað hefur gerst í samfélaginu sem slíku. Í ársskýrslum er að finna samhangandi yfirlit um þróun

sveitarfélagsins. Ársskýrslu skal rita með íbúana í huga en ekki stjórnámamennina. Hægt

er að fylgjast með því hvað ársskýrslan er mikið lesin með því að skoða teljara á heimasíðum eða fylgjast

með útlánum í bókasafninu. Fram komu ýmis sjónarmið og ábendingar í pallborðsumræðum um gildi ársskýrslna og aðferðir við að auka gildi þeirra. Bent var á að það væri skynsamlegt að setja upp mælanleg markmið í fjárhagsáætlun og skýra síðan frá niðurstöðunni í ársskýrslunni. Mikilvægt væri að kenna almenningi að skilja ársskýrslur því yfirleitt væri litið á þær sem heldur óaðlaðandi skjöl. Ársskýrslur eru mikilvægar fyrir þann hluta samfélagsins sem stendur á bak við minnihluta sveitarstjórnar til að tryggja lýðræðislega umræðu og til að tryggja eðlilegt aðhald að meirihluta hverju sinni. Í ársskýrslu er ekki síður mikilvægt að fram komi upplýsingar um þau markmið sem ekki náðust heldur en þau sem tókst að uppfylla. Nauðsynlegt

er að halda þeim atriðum einnig til haga og skýra út hvers vegna uppsett markmið náðust ekki. Ársskýrsla verður að vera rituð á skiljanlegu máli

en ekki á stofnanamáli. Nauðsynlegt getur verið að hafa orðaskýringar í henni til að tryggja viðtækari möguleika fólks til að hafa gagn af henni. Gerð ársskýrslu á að vera mikilvægur hluti ef eðlilegum verkferlum innan sveitarfélagsins en ekki kvöð sem unnin er vegna lagaákvæða. Yfirleitt má setja samhengi á milli vel unnar ársskýrslu og markvissrar fjármálastjórnunar.

Nokkur mikilvæg atriði sem eru grunnur að góðri ársskýrslu voru að endingu dregin saman á eftirfarandi hátt:

- Ljúka gerð ársskýrslu sem fyrst eftir áramót.
- Hafa ársskýrslu vel upp setta.
- Aðgengileg.
- Hún skal vera auðlesanleg.



- Glöggar skýringar sveitarstjórnar.
- Fjárhagsleg niðurstaða (ársreikningur).
- Yfirlit um rekstrarlegt umhverfi sveitarfélagsins.
- Helstu verkefni sveitarfélagsins.
- Rekstrarafkoma (tekjur/útgjöld).
- Skýringar með rekstrarniðurstöðum.
- Rekstrarlegar niðurstöður settar í nokkurra ára samhengi.
- Niðurstöður fjárhagsáætlana til næstu ára settar fram.

Gladsaxe kommun fékk verðlaun fyrir best unnu ársskýrsluna.

Yfirleitt má setja samhengi á milli vel unnar ársskýrslu og markvissrar fjármálastjórnunar

Virk atvinnustefna og efnahagslegar afleiðingar

Fyrri dagurinn endaði á umræðu um atvinnumál, atvinnuleysisbætur og fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna. Þar voru þrjú bæjarstjórnar í pallborðsumræðum sem fluttu stutt innlegg en aðal-erindið flutti Metta Fredrikssen atvinnumálaráðherra.

Lögð var á það áhersla að einstaklingurinn þyrfti að taka aukna ábyrgð á eigin aðstæðum. Um 760.000 einstaklingar eru nú án atvinnu í Danmörku og hefur fjöldi þeirra verið nokkuð óbreyttur á liðnum árum. Ríkið greiðir atvinnuleysisbætur í tvö ár en síðan fara atvinnulausir á fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna. Það sem einkennir stöðu atvinnulausra er lítil menntun. Um 9 af 10 hafa í besta falli einungis lokið grunnskólanámi.

Ráðherrann kvað ýmislegt hafa áunnist í þessum efnunum á liðnum árum en mikið væri enn óunnið. Meginefni í máli hennar sneri síðan að þeim

hluta umræðunnar. Pólitísk forysta er afgerandi um hvaða niðurstöðu atvinnustefnan skilar. Mikilvægt er að félagsleg aðstoð, menntastefna og atvinnulífið snúi bökum saman í þessu efni til að aðgerðir skili sem mestum árangri. Sveitarfélögin og undirstofnanir þeirra (vinnumiðlanir) verða að vera virk í starfinu en bíða ekki einungis eftir því að atvinnulífið leiti til þeirra.

Niðurstöður nýlegrar skýrslu sem Deloitte vann fyrir KL um aðgerðir í atvinnumálum voru ákveðin þungamiðja umræðunnar.


Í skýrslunni var farið yfir vinnulag átta sveitarfélaga sem höfðu náð bestum árangri í þessum málum í Danmörku. Þar kom fram að eftirfarandi atriði eru undirstaða að árangri í þessum efnunum:

- Pólitísk forysta í atvinnumálum
- Skýr áhersla á þau atriði sem skipta mestu máli.
- Ákveðin markmið verði skilgreind og

íbuinn fái aukna ábyrgð á eigin stöðu.

- Árangursmiðuð samskipti við íbúana.
- Uppbygging tengslanets og markvissra samskipta með atvinnulífinu.
- Aðgerðir til að byggja upp virk tengsl við fyrirtækin
- Kerfisbundin uppbygging á þekkingu um hvað skilar árangri.
- Áhersla á einstaklinginn þegar unnið er með ákvæðna atvinnuönguleika.
- Setja upp skýr markmið í skipulagningu og stjórnun.
- Þverfaglegar og virkar aðgerðir sem beinast að þeim sem hafa verið lengi atvinnulausir.

Mikill tími umræðanna fór í að fara yfir nýlega stöðu er varðar atvinnuleysisbætur. Gert hafði verið ráð fyrir að um 7–12.000



einstaklingar myndu fara af atvinnuleysisbótum á árinu og lenda á fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna. Raunin virðist hins vegar vera sú að það verði um 22.000 einstaklingar. Þetta setur úr skorðum fjárhagsáætl- anir sveitarfélaganna hvað þetta verkefni varðar. Í máli ráðherrans kom fram að það sé nokkuð á ábyrgð sveitarfél- aganna (vinnumiðlana) að það hafi tekist að útvega færri vinnu en ætlað var áður en atvinnuleysisbótatíminn rann út og kenndi um skrifræði og flóknu umsýsluferfi. (Hún hefur síðar dregið úr þessum orðum sínum og beint gagnrýni sinni að lagaumhverfinu sem skapi vinnumiðlunum það um- hverfi sem þær vinna við.)

Aðgerðir ríkisstjórn- arinnar í málefnum grunnskólans

Ríkisstjórnin hefur lagt fram sérstakar tillögur til aðgerða í málefnum grunnskólans.

Meginatriði í nýrri skólastefnu

Fyrir breytingar:

1. Skörp skil milli náms og frítíma
2. Hefðbundin kennsla
3. Áhersla á fjölda kennslutíma
4. Breið almenn markmiðssetning
5. Samningaviðræður og samningar

Eftir breytingar:

- Samfelldur skóladagur
- Aukin almenn fagmennska
- Áhersla á námsgreinar
- Markviss námsmarkmið
- Samræður og stjórnun



Peim er gefið nafnið: „Gerum góðan skóla betri – aukum fagmennskuna í grunnskólan- um“ Nemendur eiga að fá fleiri kennslu-stundir í samfelldum skóla. Kjarnagreinar verða styrktar og kennarar eiga að verja meiri tíma með nemen- dum. Fimm sveitarstjórnar- menn og bæjarstjórnar voru við pallborð ásamt skólastjóra frá Gladsaxe kommunu.

Fram kom í umræðum að mikill áhugi er meðal sveitarstjórnar- manna fyrir aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar á þessu sviði. Skýr markmiðssetning innan grunnskólans, meiri samvera og samræður milli nemenda og kennara, aukin áhersla á rafræna kennslu og aukinn sýnileiki skólastjórn- enda voru þau markmið sem sérstök áhersla var lögð á. Skólatími verði 8:00–14:00 nema hjá elstu bekkjunum þar

sem hann verður 8:00–15:30. Kennarar eiga að halda vinnufundi sína á hefðbundnum vinnutíma. Lögð verður áhersla á að fá kennara til að vinna saman í miklu meira mæli en nú er gert.

Í umræðum kom fram að algerlega óásættanlegt er að nemendur ljúki skólavist sinni í grunnskóla án þess að vera almennilega læsir. Einnig vantar þekkingu á atvinnulífínu og þörfum þess inn í grunnskólana. Starfsnám er horfið úr grunnskólunum og kennarar meta árangur skólastarfs í of miklum mæli með því hve hátt hlutfall nemenda fari í nám í menntaskóla. „Ráðið iðnaðarmenn til starfa í grunnskólunum“.

Áhrif þeirra breytinga sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir í málefnum grunnskólans má draga fram á eftirfarandi hátt:

- Stefnit er að því að nauðsynlegri lagasetningu verði lokið á vormánuðum 2013.
- Kosningar til sveitarstjórna verða haustið 2013. Nýjar sveitarstjórnir munu því

vinna út frá nýjum forsendum á útmánuðum 2014.

- Grunnskólinn mun starfa samkvæmt nýjum forsendum frá 1. ágúst 2014.
- Skólatími nemenda mun lengjast. kennslustundum í „klassískum“ fögum mun fjölga og nýir tímar verða teknir upp.
- Sveitarfélögin munu fá aukin jöfnunarframlög (bloktílskud).
- Það sparast peningar í gæslu og almennum stuðningi (pædagogtid) sem nýtast á annan veg.
- Síðan eiga kennarar að verja meiri tíma með nemendum.
- Hluti kennslu af starfstíma kennara er í dag mjög mismunandi milli einstakra skóla innan sama sveitarfélags og milli einstakra sveitarfélaga.
- Sá tími sem fer til kennslu verður afgerandi forsenda fyrir gerð fjárhagsáætlunar.
- Ýmsum spurningum er enn ósvarað s.s. hvernig tímanum verði deilt milli kennara og hvernig nýting skólatímans verði sem best.

- Það á að styrkja kennslu í dönsku, stærðfræði, náttúrufræði, ensku, starfsnámi og tónlistarnámi.
- Leggja skal áherslu á tækni og rafrænt kennsluform.
- Tengja skal saman kennslu, frítíma og umhverfis nemendans með aðstoð við heimanám, hreyfingu á hverjum degi, auknum gæðum og lífsleikni.

Fjármálastjórnun á óvissutímum

Útgjöld sveitarfélaga hafa lækkað verulega frá árinu 2009. Það hefur verið mögulegt með mjög ákveðinni fjármálastjórnun, bæði pólitískri og skipulagslegri. Hvernig hefur framkvæmdin verið? Hver er reynsla sveitarfélaganna og hvaða ákoranir hafa fylgt í kjölfarið? KL og ríkisstjórnin hafa sett í gang umfangsmikið verkefni þar sem fjármálastjórn tíu sveitarfélaga var kortlögð frá upphafi til enda haustið 2012.

Þrír bæjarstjórnir og endurskoðandi frá BDO fluttu innlegg og

Markmið er að sem stærstur hluti fjármagns sem sveitarfélögin hafa úr að spila sé ráðstafað í þjónustu

voru í pallborðsumræðum. Fram kom að markmiðið væri að sem stærstur hluti þess fjármagns sem sveitarfélögin hafa úr að spila sé ráðstafað í þjónustu en sem minnst fari í stjórnun og utanumhald. Fjárhagslegt svigrúm fæst aðeins með því að skapa það á eigin forsendum. Eftirfarandi atriði eru mikilvæg í því samhengi:

- Fjárfesting í rafrænni stjórnun.
- Sjálfvirk þjónusta.
- Rafræn samskipti.
- Gæðamarkmið sem snýr að íbúnum.
- Hraðari afgreiðsla og leyst úr þörfum einstaklingsins þegar þegar það hentar hverjum og einum.

Það kom skýrt fram að það er hægt að stjórna öllum hlutum fjármála sveitarfélagsins. Mikilvægt er að árangur í rekstri skapi svigrúm fyrir viðkomandi á ári komanda. Það þarf

að vera hvati til aðgerða og árangurs. Á þann hátt er hægt að bæta þjónustuna fyrir sömu fjármuni. Áhersla var lögð á að það væri gagnslaust að gera nákvæma fjárhagsáætlun í þriggja ára áætlun. Þar ættu einungis að koma fram meginlínur. Einnig komu fram þau sjónarmið að það ætti að hafa fjárhagsáætlunarvinnuna stutta en snarpa. Hefja hana í ágúst og ljúka henni í október.

Rannsóknir hafa sýnt að yfir helmingur af dönskum sveitarstjórnunum hefur lagt fram áætlun til nokkurra ára um aðgerðir til að auka skilvirkni innan sveitarfélagsins. Það hefur síðan komið í ljós að þessi sveitarfélög hafa náð betri árangri á þessu sviði en önnur sveitarfélög. Það er þó ekki áætlunin sem slík sem er undirstaða betri árangurs heldur er meginforsendan hin pólitíska og stjórskipulega áhersla sem fylgir í kjölfar slíkra áætlanagerða. Áætlunin hefur í för með sér að það er sameiginlegur skilningur innan sveitarfélagsins á þeirri vegferð sem framundan er, kerfisbundin vinnubrögð eru viðhöfð

og meiri athygli er beint að því að ná aukinni skilvirkni á öllum sviðum. Það á sérstaklega við þegar sveitarstjórnin hefur átt frumkvæði að markmiðssetningu á þessu sviði.

Pólitísk forysta í þessu efni er nauðsynleg, bæði í nefndum og bæjarráði. Hafa skal heildarsýn í huga þegar rætt er um einstök viðfangsefni. Samstarf, umræða og pólitísk og stjórnsýsluleg ábyrgð gefur betri forsendur til að ná árangri í fjármálastjórnun sveitarfélagsins heldur en formlegheit og skipurit. Nauðsynlegt er að fylgjast reglubundið með allri þróun fjármála. Framkvæmdastjóri verður að fá vikulegt yfirlit. Fjárhagsráðið, sem er jafnsett bæjarráði hjá okkur, verður að fá mánaðarlegt yfirlit. Hver fagnefnd verður að fá mánaðarlegt yfirlit. Ársfjórðungslega þarf að leggja yfirlit um hvert miðar í pólitískri markmiðssetningu fyrir fagnefndir, fjárhagsráð og bæjarráð. Sumir lögðu áherslu á að ársfjórðungslegt yfirlit skilaði allt að því eins góðum árangri og hið mánaðarlega. Lögbundið yfirlit á hálfis árs

fresti væri hins vegar einskis virði. Auka þarf áherslu á hvað fæst fyrir þá fjármuni sem lögð er í mismunandi þjónustu.

Hvernig er skilvirknin? Bæta þarf upplýsingastreymi og samanburð milli sveitarfélaga. Varast skal að áhersla á notkun glæsilegra verkfæra beini athyglinni í of ríkum mæli frá því að standa við afgangi fjárhagsáætlun.

Sveitarstjórnarmál og samfélagsbreytingar

Uppstokkun sveitarstjórnarstigsins og efnahagslegir erfiðleikar í samfélaginu

Breytingar á stjórnarsýslunni eiga að leiða til þess að það fái meiri gæði fyrir sama fjármagn

hafa á seinni árum leitt af sér miklar breytingar og uppstokkun á ríkjandi skipulagi innan sveitarfélaganna. Á sama tíma stendur ríkisstjórnin og þjóðþingid fyrir fjölda breytinga á umhverfi sveitarfélaga sem sveitarfélögunum er ætlað að vinna eftir.



Nauðsynlegt er að átta sig á þeim langtímaáhrifum sem aðgerðir á vinnumarkaði, innan félagsþjónustu og fræðslumála og á heilbrigðisviði hafa í för með sér. Hvert er hlutverk sveitarfélaga í þessu samhengi? Hvað eiga sveitarstjórnarmenn að hafa í forgangi á árinu 2013?

Fram kom að íbúum Danmerkur sem eru 65 ára og eldri mun fjölga um 500.000 á næstu 35 árum. Á fjórðungur þeirra að vera á opinberri

framfærslu? Árið 1960 var minna en 5% íbúa á aldrinum 18-66 ára á opinberri framfærslu. Árið 2010 eru það rúm 20% (að atvinnulausum frádregnum).

Leggja þarf áherslu á almenna skilvirkni svo hægt sé að veita sömu þjónustu fyrir minna fé. Leggja þarf aukna áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir og endurhæfingu þannig að þörf íbúanna fyrir opinbera þjónustu fari minnkandi til lengri tíma litið. Breytingar á stjórnarsýslunni eiga að leiða til þess að það fái meiri gæði fyrir sama fjármagn eða sömu gæði fyrir minna fjármagn. Því er hægt að ná með nýjum aðferðum, meiri fagmennsku og nýrri tækni.

GAJ



© Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30 • Pósthólf 8100
128 Reykjavík

ábm.: Gunnlaugur Júlíusson
2013/02